

## **23. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Tuttugasti og þriðji fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 6. Febrúar 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðapjónustu bænda, Síðumúla.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF), Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

### **1. Yfirferð umsókna vegna verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda:**

Farið var yfir umsóknir frá Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarði og Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Sveinn las upp samantekt yfir verkefni og upphæðir sem sótt var um og hvenær þau væru tilbúin til framkvæmda. Umsækjendur óska allir eftir 100% framlagi úr sjóðnum. Rætt var um hvort það væri réttlætjanlegt ef aðrir umsækjendur hafa ekki sama kost á að fá fullan styrk.

Ekkert þeirra verkefna sem nú er sótt um eru á rauðlista Umhverfisstofnunar (nema þá etv. Eldgjá sem er hluti af Friðlandi að Fjallabaki). Fyrir utan Eldgjá er aðeins Dettifoss á forgangslista Ferðamálastofu. Þrjú verkefni eru vegna bílastæða, í Skaftafelli, Gljúfrastofu og við Hakið og eitt verkefni er vegna byggingar starfsmannahúss við Hakið. Slík verkefni hafa hingað til ekki skorað hátt í gæðamati Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og erfitt að sjá að slík verkefni eigi skilið að fá 100% úthlutun án móframlags. Gæti Vegagerðin etv. komið að uppbyggingu bílastæða?

Albína ætlar að skrifa bréf til ráðuneytisstjóra og óska eftir frekari skýringum og leiðbeiningum fyrir stjórnina til að fylgja.

### **2. Framkvæmdasýsla ríkisins:**

Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, kom á fundinn til að skýra aðkomu FSR að opinberum framkvæmdum sem þessum. Hún fór yfir verkferil opinberra framkvæmda og skildi eftir minnisblað um það. Sem dæmi þá er opinberum stofnunum skilt skv. *Lögum um opinber innkaup* að þjóða út öll kaup á þjónustu eða verkum yfir 10m.kr. Stjórn óskaði eftir því við Halldóra að fara yfir gögn, kostnaðar- og tímaáætlanir, vegna Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi og Þjóðgarðsins á Þingvöllum og senda á Svein og stjórn sjóðsins fyrir næsta fund. Sveinn ætlar einnig að senda drög að samningum vegna hærri styrkja til FSR til yfirlstrar.

### **3. Annað**

Sveinn ætlar að kaupa inn nýja minniskubba fyrir stjórn sjóðsins og senda yfirlit yfir allar umsóknir og fundargerðir síðustu funda til stjórnar með leiðréttum dagsetningum.

Næsti fundur verður 12. Febrúar n.k.

Fundi slitið 9:45

Reykjavík 10. febrúar 2013 /Katrín og Sveinn